

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Valgreinar 8. – 10. bekkjar Skólaárið 2020 – 2021

Námslýsingar



Hugrökku ❤ er ekkert ómögulegt



Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglíngastig fái 37 kennslustundir á viku, 1480 mínútur. Þær skiptast í 33 stund í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Hver valgrein er kennd í 2 stundir í einu og átt þú nemandi góður því að velja 2 valgreinar fyrir áramót og aðrar 2 eftir áramót.

Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í skólanum í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Þú átt að velja valgreinar í skólabyrjun fyrir allan veturinn. Þú velur 3-4 valgreinar á hvorri önn og merkir við frá einum og upp úr, eftir forgangi. Reynt verður að koma til móts við val nemenda eins og hægt er en ekki er víst að nemendur fái það val sem þeir óska eftir sem fyrsta kost.

Skólahreysti verður kennd frá lokum október og fram í mars, eða fram að Skólahreystikeppninni. Kenndir verða tveir tímar á viku á **miðvikudögum kl.14:05**

Athugið

Verði valhópar fámennir gætu þeir fallið niður.

Mikilvægt er að val nemenda sé vel ígrundað þar sem valið er bindandi fyrir komandi skólaár og verður ekki breytt eftir að skóli hefst haustið 2020.

Með kveðju,
Guðlaug og Díana

Valgreinar kenndar haustönn 2020

Rökræður og ræðusnilli

Í ræðuvalinu lærir þú að setja saman lipra og skemmtilega texta, beita röddinni og blæbrigðum í töluðu máli og hrífa með með þér áhorfendur! Valið er byggt á Morfís keppnunum í framhaldsskólum landsins og er mjög góður undirbúningur fyrir ræðuhöld, verkefnafluttning eða daglegt líf.

Markmið námskeiðsins er að efla nemendur í málfluttningi og ræðugerð. Þá fá nemendur mikla þjálfun í að koma fram og rökræða eigin skoðun.

Námsmat: Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna en aðalega munnleg og skrifleg verkefni.

Tónlistarval

Í tónlistarsmiðjunni verður hugað að sköpun og flutning tónlistar, mismunandi gerð tónlistar og hvernig ýmsir heimar skarast í listforminu. Rímur og taktar, rokk og ról, popp og elektró, diskó og jazz, blues og rnb, klassík og kántrý og allt þar á milli.

Nemendur fá tækifæri til að stofna hljómsveit, kynnast upptökuferlinu og hvernig gott er að semja lög. Leitað verður til sérfræðinga og kíkt í heimsóknir til að fræðast nánar um ákveðin atriði og ýmislegt skemmtilegt sett á laggirnar.

Markmiðið er að nemendur kynnist listforminu og margbreytileika þess og fái tækifæri til sköpunar og tjáningar.

Nemendur kynnist því einnig hvað felst í því að semja tónlist, taka hana upp og gefa út.

Námsmat er byggt á þátttöku nemenda í tímum og ástundun.

Lokaverkefni er samkomulag nemenda og kennara.

Almenn handavinna

Verkefnaval og hugmyndir eru unnar í samráði við kennara, eitt val.

Mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð, sjálfstæði, frágang, vinnusemi og heimavinnu.

Dæmi um verkefni:

1. Sauma flík að eigin vali samkvæmt sniði
2. Þrjóna flík að eigin vali
3. Hekla flík að eigin vali
4. Laga flíkur (t.d. rifur eða bilaða rennilása)
5. Sauma út ungbarnasængurver
6. Endurnýta flík (laga og/eða betrum bæta)
7. Hanna flík í samstarfi við kennara (fyrir lengra komna)
8. Annað í samráði við kennara

Markmið

Að nemendur öðlist aukna færni og sjálfstæði í verklegri vinnu.

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft er til frumkvæðis og virkni. Verkefnin eru metin í lok lotunnar.

Legó og forritun

Lýsing

Valið er ætlað nemendum 8. bekkjar.

Nemendur hanna legó vélmenni og æfa sig í að forrita það til að leysa ýmis konar þrautir.

Nemendur prófa einnig aðrar tegundir forritunar, bæði á chrombook tölvur og spjaldtölvur.

Markmið

Að nemendur læri grunnatriði forritunar

Að nemendur þjálfist í ýmis konar forritun

Að nemendur þjálfist í skapandi vinnu

Að nemendur þjálfist í samvinnu

Námsmat

Vinna er metin jafnt og þétt. Mest er horft til virkni, frumkvæðis, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Útivistarval

Í útivistarvali ætlum við að kynnast náttúrunni og nærumhverfi okkar. Útivistarval verður alfarið úti og mikið um göngur. Einnig verður valið kennt í lotum sem þýðir að við erum lengur suma daga og styttra aðra daga. Nemendur þurfa að vera tilbúnir að taka þátt, klæða sig eftir veðri og vera stundum lengur en stundatafla segir.

Markmið: Kennd verða helstu atriði útivistar og hvernig hægt er að nýta náttúruna bæði til skemmtunar og til sjálfbærni.

Námsmat: Kennarar meta þátttöku, samvinnu og þrautseigju, nemendur gera sjálfsmat.

Saga Rómaveldis!

Morðóðir hershöfðingjar, villimenn og sturlaðir keisarar, hræðilegar sjóorrustur og skelfilegar náttúruhamfarir. Allt þetta lýsir einu stærsta og voldugasta heimsveldi fyrr og síðar; hinu blóðuga Rómaveldi.

Markmið með námskeiðinu er að auka þekkingu og skilning nemandans á fornöld Evrópu og hvernig hún hefur mótað samfélög, landafræði, hefðir og siði nútíma samfélags.

Námsmat; Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.

Prjón og bíó

Þætti þér ekki notalegt að eiga stund frammi fyrir sjónvarpinu eða tölvunni, horfa á skemmtilega mynd eða þátt og prjóna eitthvað fallett?

Tilgangur þessa námskeiðs er einmitt að æfa þessa samhæfingu sem styrkir núvitund og hefur slakandi áhrif. Megintilgangurinn er þó fyrst og fremst að æfa sig í að þrjóna.

Markmið: Að auka færni í að þrjóna og þjálfna samhæfingu hugar og handa.

Námsmat: Mæting, þátttaka og virkni í tímum.

Rússneska og menning

Hefur þú heyrt um einhvern sem kallast Putin? Langar þig að vita hvernig rússneskur matur bragðast? Langar þig að geta lesið þessa setningu; **Я люблю есть кошку!**

Markmið í valinu er að nemendur læri meira um rússneska menningu og siði, matarferð og sögu. Eins eiga nemendur að geta tjáð sig á einfaldri rússnesku og lesið algeng og einföld orð.

Námsmat: Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.

Valgreinar kenndar vorönn 2021

Enska fyrir lengra komna

Ertu nú þegar góð/góður í ensku en vilt bæta orðaforðann þinn og almenna þekkingu á tungumálinu? Þá er þetta námskeið fyrir þig þar sem áhersla verður lögð á fræðilegan orðaforða sem og mismunandi málsvæði víðsvegar um heiminn.

Markmið með námskeiðinu er að auka orðaforða, málfræði og skilning nemandans á enska tungumálinu. Eins munu nemendur kynnast hreimum, slangri og fleira sem tengist hverju enskumælandi samfélagi fyrir sig.

Námsmat; Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.

Franska

Viltu læra tungumál ástarinnar? Þá er franska eitthvað fyrir þig!

Í náminu verður farið yfir grunnatriði franskrar tungu og menningar. Kennslan fer að mestu fram með einföldum samskiptum á milli nemenda og kennara með áherslu á framburðarkennslu. Nemendur læra að kynna sig og læra orðaforða sem tengist daglegu lífi. Orðaforðinn verður að miklu leyti kenndur á myndrænan hátt, með leikjum og spilum. Frönsk menning verður kynnt samhliða kennslunni í tungumálinu. Þar verður m.a. stuðst við tónlist og myndefni, t.d. tónlistarmyndbönd og sýnishorn úr kvikmyndum. Stefnt verður að því að nemendur fái að elda eða baka eitthvað franskt góðgæti lok námsins.

Markmið

Aðalmarkmið námskeiðsins er að nemendur fái áhuga á frönsku og frönskum menningarheimi.

Námsmat

Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Leiklist

Í ár verður Þjóðleikur sem er verkefni sem Þjóðleikhúsið stendur fyrir annað hvert ár og er ætlað unglíngum. Jafnan eru fengnir rithöfundar og leikskáld til að semja nokkur verk sem leikhóparnir velja úr til að æfa og sýna í sinni heimabyggð. Á vordögum er svo glæsileg leiklistarhátíð þar sem allir leikhóparnir á Austurlandi hittast og sýna verkin sín.

Leiklist gerir miklar kröfur til nemenda um sjálfsaga, samvinnu, traust, stundvísi, tillitssemi, vinnusemi og að þora að stíga út fyrir þægindarammann.

Ætlast er til að allir leggi sig 100% fram.

Markmið

- Að nemendur kynnist grunnatriðum leiklistar
- Að auka þor, sjálfstraust og sjálfsaga nemenda
- Að þjálfna nemendur í mannlegum samskiptum

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum. Þá er einkum horft til þátttöku, stundvísi, samvinnu og sköpunar.

Athugið: Tímarnir eru kenndir að hluta fyrir utan hefðbundna stundaskrá.

Fjármálalæsi

Námskeiðið er ætlað nemendum 10. bekkjar. Nemendur geri sér grein fyrir nauðsyn ábyrgðar í fjármálum. Geti gert kostnaðaráætlun og haldið utan um það. Kynnist launum sem eru í boði fyrir mismunandi störf. Kynnist því hvernig ríkið er rekið og þekki mun á beinum og óbeinum sköttum. Læri um lán, sparnað, vexti og vísitölu. Helstu hugtök um fjármál heimila kynnt sem og skattaskýrslugerð. Læri á launaseðla, launamiða, launatengd gjöld og skattaútreikninga.

Markmið

- Að nemendur fái aukin skilning á fjármálalæsi og skilji helstu hugtök innan fjármálalæsis
- Að nemendur skilji launaseðlana sína
- Að nemendur geri sér betur grein fyrir mikilvægi þess að halda utan um fjármálin sín

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft til frumkvæðis og vandvirkni. Verkefni eru metin í lok lotunnar.

Dans

Hefur þú gaman að tónlist og að dansa? Langar þig að læra mismunandi dansstíla og brögð? Þá er dansval eitthvað fyrir þig þar sem þú lærir hvernig á að skara fram úr á dansgólfinu!

Markmið í dansvali er að nemendur geti dansað og skemmt sér með mismunandi dansstílum. Eins að nemendur geti notið þess að dansa við skemmtilega og fjölbreytta tónlist sem bæði kennarinn og nemendur velja.

Námsmat. Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl

Trúarbragðafræði

Sprenngjulaðir glæpamenn og hamingjusamar hefðir, heilög hryðjuverk og Tom Cruise. Trúarbrögð taka á sig margar mismunandi myndir, hafa gert það allt frá upphafi og munu halda áfram að gera um ókomna tíð. Í námskeiðinu verður skoðað hvernig trúarbrögð hafa haft áhrif á allt frá stríðum sögunnar til nútíma tölvuleikja.

Markmiðið með Trúarbragðafræði er að vekja nemendur til umhugsunar og efla gagnrýna athugun í garð fjölbreyttra trúarbragða í daglegu lífi.

Námsmat; Þátttaka nemenda í tímum og símat í gegnum fjölbreytt úrval verkefna; skrifleg, munnleg, verkleg o.fl.

Fatasaumur

Nemendur komi með eigin hugmyndir og velji sér flík og hvað þau ætla að sauma. Lögð áhersla á eigin hugmyndir, góðan frágang og umgengi.

Markmið

- Að nemendur læri að nota saumavélar bæði venjulegar og overlock
- Að nemendur læri að taku upp snið og sníða á sníðaborði.

Námsmat

Vinnusemi, frágangur og snyrtimennska metin í lok lotunnar.

Valgreinar kenndar vor og haust

Starfsval

Valið er eingöngu í boði fyrir 10. bekk. Þar gefst nemendum kostur á að kynnast störfum í fyrirtækjum samfélagsins með því að vinna við hlið fagfólks á vettvangi.

Markmið

- Að kynnast starfi á vettvangi.

- Að þjálfast í að vinna sjálfstætt með öðrum og virða jafnrétti og skoðanir annarra.

Námsmat

Tímabilið er metið og þá horft til áhuga, vinnusemi og jákvæðni. Skilagrein er unnin á þar til gert eyðublað sem nemandi skilar í lok tímabilsins.

Heimilisfræði

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Rafmagnsfræði

Farið verður í helstu grunnhugtök og lögmál í rafmagnsfræði. Fræðsla og umræður verður um rafmagn og öryggi þess. Fjölbreytt verkleg verkefni t.d búa til lampa.

Markmið

- Að nemendur fái skilning á helstu hugtökum í rafmagnsfræði
- Að nemendur nái að framkvæma einfalda reikninga og snúa formúlum.
- Að nemendur öðlist meiri skilning á rafmagni og rafmagnsöryggi.
- Að nemendur öðlist færni í verklegri vinnu og sjálfstæði

Námsmat

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft á frumkvæði, áhuga og vandvirkni. Verkefni eru metin í lok lotunnar.

Skólahreysti

Nemendur æfa sig í þeim þrautum sem keppt er í í Skólahreysti og þroska andlegt og líkamlegt atgervi samhliða því að efla félagsleg samskipti.

Skólahreysti er uppskrift að heilbrigðum lífsstíl, þar sem allir geta tekist á við einfaldar og skemmtilegar þrautir, þar sem æfing og einurð skilar árangri.

Þetta val verður fyrir utan hefðbundinn skólatíma frá byrjun október og fram að Austurlandsriðli Skólahreystikeppninnar. Þetta val er eingöngu fyrir þá sem eru tilbúnir til að leggja hart að sér og keppa fyrir hönd skólans.

Markmið.

- Að auka hreysti nemenda og undirbúa þá undir Austurlandsriðil Skólahreystikeppninnar.

Námsmat

Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Útlit og heilsa

(Eingöngu fyrir stelpur, kennt á miðvikudögum fyrir áramót)

Farið verður í t.d. umhirðu húðar og hárs, handsnyrtingu, litun og plokkun, förðun, næringarfræði, sjálfsstyrkingu.

Markmið

- Að nemendur læri umhirðu húðar
- Að nemendur fái aukið sjálfstraust
- Að nemendur læri að hugsa um sig á heilbrigðan hátt.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum og þá einkum horft til virkni, samvinnu, áræðni og ábyrgðar.

Útlit og heilsa

(Eingöngu fyrir stráka, kennt eftir áramót)

Farið verður í t.d. umhirðu húðar og hárs, handsnyrtingu, næringarfræði, sjálfsstyrkingu.

Markmið

- Að nemendur læri umhirðu húðar
- Að nemendur fái aukið sjálfstraust
- Að nemendur læri að hugsa um sig á heilbrigðan hátt.

Námsmat

Vinna nemenda verður metin jafnóðum og þá einkum horft til virkni, samvinnu, áræðni og ábyrgðar.

Félagsstörf /Nemendaráð

Valið er eingöngu ætlað þeim nemendum sem valdir eru fulltrúar í nemendaráð. Nemendaráð sér um viðburði á skólatíma og er rödd nemenda gagnvart stjórnendum skólans og öðru starfsfólki.

Markmið:

- Að nemendur taki þátt í að efla og móta félagsstarf í skólanum.
- Að nemendur komi að því að skipuleggja og undirbúa ýmsar uppákomur í samvinnu við kennara skólans og starfsfólk.
- Að nemendur kynnist unglíngalýðræði og lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Að nemendur læri að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna.

Námsmat: Virkni nemenda, mæting, frumkvæði og áhugi.